

Árþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands

á Nordica Hótel, Reykjavík

FÖSTUDAGUR 14. MAÍ

08:20-08:30 **Setning** Helgi H. Sigurðsson formaður Skurðlæknafélags Íslands
Ávarp Sigurður Guðmundsson landlæknir

Flutningur frjálstra erinda 1

08:30-08:45 **Fundarstjórar:** Helgi H. Sigurðsson, Hjörtur Gíslason
E-1 – Blinduð slembirannsókn á botnlangatöku með kviðsjá og opinni botnlangatöku hjá sjúklingum með staðfesta botnlangabólgu – Fritz H. Berndsen

08:45-09:00 **E-2** – Tíðni endurtekinna nárvíðslita er sambærileg 5 árum eftir kviðsjáraðgerð (TAPP) og Shouldice aðgerð – Fritz H. Berndsen

09:00-09:15 **E-3** – Heilahimnubólga af völdum baktería á Íslandi 1990-2000 – Halla Halldórsdóttir

09:15-09:30 **E-4** – Líffæragjafir á Íslandi 1992-2002 – Runólfur V. Jóhannsson

09:30-09:45 **E-5** – Lifun sjúklinga sem gengust undir aðgerð vegna ósæðagúls í kvið 1996-2003 – Magni V. Guðmundsson

09:45-10:00 **E-6** – Lifun sjúklinga sem gengust undir aðgerð vegna rofs á ósæðagúl í kvið 1997-2003 – Einar Björnsson

10:00-10:30 Kaffi, lyfja- og áhaldasýning

Flutningur frjálstra erinda 2

10:30-10:45 **Fundarstjórar:** Felix Valsson, Sigurbergur Kárasón
E-7 – Meðferð og afdrif sjúklinga sem gengust undir fóðringu ósæðargúla á LSH árin 1997-2003 – Benedikt Árni Jónsson

10:45-11:00 **E-8** – Skurðaðgerðir á skjaldkirtli á FSA 1994 til 2003 – Daði Þór Vilhjálmsson

11:00-11:15 **E-9** – Árangur af gerviliðaaðgerðum á hjám framkvæmdum á FSA 1983-2003 – Jónas Hvannberg

11:15-11:45 **E-10** – Fimm ára endurskoðun á cementlausum gervilið í mjöðm á Íslandi – Ríkarður Sigfússon

11:45-12:00 **E-11** – Nýgengi sarkmeina á Íslandi – Kristín Jónsdóttir

12:00-13:00 Hádegishlé

Fyrirlestrar 1

13:00-13:30 **Fundarstjórar:** María Sigurðardóttir, Sveinn Geir Einarsson
Skimun í mótvindi – Kristján Sigurðsson

13:30-14:00 **Skimun á ósæðargúlum** – Stefán Matthíasson

14:00-14:30 **Blóðgjafir** – Alma Möller

14:30-15:00 **Novoseven-sjúkratilfelli** – Felix Valsson

Flutningur frjálstra erinda 3

15:30-15:45 **Fundarstjórar:** Þorsteinn Jóhannesson, Tryggvi Stefánsson
E-12 – Áverkar vegna hnefaleika – Brynjólfur Mogensen

15:45-16:00 **E-13** – Hálstognun í Reykjavík – 30 ára yfirlit – Brynjólfur Mogensen

16:00-16:15 **E-14** – Brothættir karlar – Brynjólfur Mogensen

16:15-16:45 **E-15** – Samanburður á þremur rannsóknaaðferðum (æðaþræðingu, ómskoðun og tölvusneiðmynd) við greiningu á þrængingum í hálsslagæðum – Sigurður Benediktsson

16:45-17:00	E-16 – Hyponatremia eftir aðgerðir á börnum – Birna Guðbjartsdóttir
17:00-17:15	E-17 – Algengi slitgigtar og liðþófaskemmda í hnjám hjá slökkviliðsmönnum á Akureyri – Hjörtur Fr. Hjartarson
17:15-17:30	E-18 – Sjúklingar með lærleggshálsbrot hafa ekki slit í mjöðmum – Þorvaldur Ingvarsson
17:30-18:00	Kaffi, lyfja- og áhaldasýning

17:45 **Aðalfundur Skurðlæknafélags Íslands**
Aðalfundur Svæfinga- og gjörgæslulæknafélag Íslands

LAUGARDAGUR 15. MAÍ

Flutningur frjálstra erinda 4

	Fundarstjórar: Hjörtur Gíslason, Brynjólfur Mogensen
08:15-08:30	E-19 – Faraldsfræði Osteochondritis Dissecans á upptökusvæði Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri (FSA) – Hjálmar Þorsteinsson
08:30-08:45	E-20 – Neðanrásaraðgerðir: Samanburðarrannsókn á Mathieu- og Snodgrassaðgerð – Sonja Baldursdóttir
08:45-09:00	E-21 – Stromaæxli í meltingarvegi (GIST) á Íslandi 1990-2003. Meinafræði, faraldsfræði og einkenni – Geir Tryggvason
09:00- 09:15	E-22 – Róttæk endursköpun á ennisbeini með beinsementi vegna craniofacial fibrous dysplasiu. Sjúkratilfelli – Margrét Jensdóttir
09:15-09:30	E-23 – Tengsl táþrýstings við ökklaþrýsting, klínísk einkenni og æðamyndatöku hjá sjúklingum með blóðþurrð í ganglimum – Jón Örn Friðriksson
09:3 –09:45	E-24 – Clinical Experience of Combined Surgical and Endovascular Stent-graft (EVSG) Treatment for Thoracic Aorta Aneurysms (TAA) – Arash Mokhtari
09:45-10:00	E-25 – Rf-Maze aðgerð, nýjung í meðferð gáttaflökts – Bjarni Torfason
10:00-10:45	Kaffi, lyfja- og áhaldasýning

Flutningur frjálstra erinda 5

	Fundarstjórar: Hildur Tómasdóttir, Alma D. Möller
10:45-11:00	E-26 – Surgical treatment in the evolving phase of acute myocardial infarction – Sonia M. Collins
11:00-11:15	E-27 – Fá sjúklingar sem mjaðmabrotna beinvernd við hæfi? – Unnur Þóra Högnadóttir
11:15-11:30	E-28 – Offituaðgerðir með kviðsjártækni. Aðferðir og árangur fyrstu 114 aðgerða á Landspítala – Björn Geir Leifsson
11:30-11:45	E-29 – Brottnám á nýra og nýrnaæxlissega úr hjarta – djúp líkamskæling, blóðrásarstöðvun og öfug blóðrás um heila. Sjúkratilfelli – Hulda M. Einaradóttir
12:00-13:00	Hádegishlé

Fyrirlestrar 2

	Fundarstjórar: Sveinn Geir Einarsson, Alma D. Möller
13:00-13:30	Nýtt meðferðarferli við ristilúrnam – Tryggvi Stefánsson, Gunnar Skúli Ármannsson
13:30-14:00	Aðgerðir á höfuð- og andlitsbeinum – Elísabet Guðmundsdóttir
14:00-14:30	Are there any scientific documentation for negative effect of NSAID's on fracture healing and prosthetic loosening? – Per Kjærsgaard-Andersen
14:30-15:00	Nýjungar í greiningu og meðferð brjóstakrabbameins – Þorvaldur Jónsson
15:00-15:30	Uppbygging brjóstá eftir krabbamein – Þórdís Kjartansdóttir
15:30-16:00	Kaffi, lyfja- og áhaldasýning

Flutningur frjálstra erinda 6

16:00-16:15	Fundarstjórar: Felix Valsson, Stefán Hjálmarsson E-30 – Lífshorfur sjúklinga með nýrnafrumkrabbamein á Íslandi 1971-2000, með sérstöku tilliti til vefjagreiningar og tilviljanagreiningar – Tómas Guðbjartsson
16:15-16:45	E-31 – Hvort segir betur til um lífshorfur sjúklinga með nýrnafrumkrabbamein; Robson-eða TNM-stigunarkerfið? – Tómas Guðbjartsson
16:45-17:00	E-32 – Kímfrumuæxli í eistum á Íslandi 1955-2002. Meinafræðileg rannsókn – Bjarni A. Agnarsson
17:00-17:15	E-33 – Meðfætt þindarslit í Lundi og Reykjavík. Samanburðarrannsókn á greiningu og árangri skurðaðgerða – Zora Topan
17:15-17:30	E-34 – Fylgikvillar lungnabrottnáms hjá sjúklingum með lungnkrabbamein – Tómas Guðbjartsson
17:30-17:45	E-35 – Skurðaðgerðir við loftbrjósti og áhætta á endurteknu loftbrjósti – Ingimar Ingólfsson

Veggspjöld

V-1 – P2Y₁₂ ADP-viðtakinn er til staðar í sléttum vöðvafrumum æða og miðlar samdrætti Anna-Karin Wihlborg
V-2 – NUSS-aðgerð – nýjung í meðferð trektarbrjóstis – Tómas Guðbjartsson

19:30	Kvöldverður og knall á Kaffi Reykjavík þar sem sem Eiríkur Jónsson, Sigurður Blöndal og Sigurbergur Káráson fara fyrir veislu- og skemmtanastjórn. Hvetjum við sem flesta til að mæta.
-------	---

Velkomin á þing!

Kæru félagar, kollegar, gestir og stuðningsaðilar

Það er ánægjulegt að kynna enn eitt sameiginlegt ársþing Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands 2004.

Við í stjórn félaganna vorum mjög ánægðir með þingið 2003, bæði umgjörð (nýja Nordica hótelið), fræðilega innihaldið og hina veglegu sýningu. Við teljum að þingið hafi aldrei verið jafn vel heppnað og var áhugi félagsmanna og gesta greinilega mikill. Þingið hefur vaxið mikið síðustu ár og er nú orðið „alvöru“ þing þar sem blandast kynning á íslenski hágæða rannsóknarvinnu, fyrirlestrum og fróðlegum erindum erlendra fyrirlesara.

Stjórnir beggja félaganna ákváðu því enn á ný að hafa dagskrána alveg sameiginlega enda margt áhugavert í henni sem snertir báðar greinarnar.

Þó vel hafi gengið 2003 er alltaf markmiðið að gera betur. Þingið í fyrra var haldið á einum og hálfum degi, fimmtudegi til föstudags, og reyndist talsvert vandamál að gefa öllu þessu mikla og áhuga-verða efni nægan tíma. Við gripum til þess ráðs að keyra dagskrána hart á kostnað kaffihléanna en okkur fannst þetta ekki reynast vel.

Við teljum mikilvægt að á þingi þar sem nær allir skurðlæknar og svæfingalæknar koma saman gefist góður tími til að skoða það sem iðnaðurinn hefur upp á að bjóða, ræða við sýnendur og skiptast á skoðunum við þá jafnt og kollega á þingsvæðinu. Til að kippa þessu í liðinn verður þingið í tvo heila daga, föstudag og laugardag.

Vegna skilnings og velvilja Landspítala verða eingöngu gerðar bráðaaðgerðir á föstudeginum og því mun miklu stærrí hluti meðlima okkar og gesta hafa tækifæri til að koma á þingið.

Dagskráin hefst á föstudegi með flutningi frjálstra erinda og verða fyrirlestrar eftir hádegi. Aðalfundur beggja féлага verða síðan haldnir í lok dags. Á laugardegi verður áfram sameiginleg dagskrá sem hefst með frjálsum erindum og síðan verða á dagskrá margir áhugaverðir fyrirlestrar.

Fyrir hönd Skurðlæknafélags Íslands og Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands viljum við þakka öllum þeim fyrirtækjum sem styrkt hafa ársþing okkar í gegnum tíðina. Við teljum samskipti og tengsl okkar við þessi fyrirtæki, með vísindi, fræðslu og kynningu að markmiði, vera mikilvæg og nauðsynleg.

Helgi H. Sigurðsson

formaður Skurðlæknafélags Íslands

Felix Valsson

formaður Svæfinga- og gjörgæslulæknafélags Íslands